

Fréttatilkynning

## Íbúasamtök Kjalarness leggjast gegn áætlunum um svifbraut á Esju

Íbúasamtök Kjalarness leggjast alfarið gegn því að Reykjavíkurborg undirriti samning um leigu á lóðum í hlíðum Esju í tengslum við áætlanir fyrirtækisins Esjuferju ehf. um svifbraut á Esju. Svifbrautin er ekki í samræmi við gildandi skipulag og umsagnaraðilar hjá ríkinu og Reykjavíkurborg vara við framkvæmdunum. Íbúasamtökin gera einnig alvarlegar athugasemdir við stjórnslu í tengslum við verkefnið.

Svifbrautinni er ætlað að ferja um 150.000 ferðamenn á ári upp á topp Esju, sem í skipulagi hefur verið skilgreindur með lítið útivistarþól. Um er að ræða:

- þrjú 37–45 m há möstur sem munu sjást í 10–12 km fjarlægð og nokkur minni þar á milli,
- 1.000–1.500 fm byggingu á upphafsstöð við Esjurætur,
- 800–1.000 fm byggingu við Rauðhól í miðri Esju í 467 m hæð yfir sjávarmáli,
- veg þangað sem einnig mun sjást í 12 km fjarlægð,
- 300–500 fm byggingu uppi á toppi Esju í 900 m hæð,
- farþegakláf sem tekur allt að 80 farþega,
- efnisþörf framkvæmda á bilinu 10.000–17.000 rúmmetrar,
- beina röskun á trjágróðri sem fjarlægja þarf á lóðunum, en kláfurinn mun liggja við og yfir svæði þar sem nú þegar eru fjölfarnir göngustígar og skógurinn er hvað þéttastur.

Reykjavíkurborg hefur að ósk einkafyrirtækis staðið í viðræðum við Fjármálaráðuneytið um milligöngu um leigu á landi undir kláf og þjónustustöðvar í Esju, innan marka „Græna trefilsins“. Lóðaleigusamningur liggur nú fyrir og stendur undirritun af hálfu borgarráðs til á næstunni. Með samningnum er land tekið af Skógrækt ríkisins og leigt til Reykjavíkurborgar. Í samningnum er gerður fyrirvari um að framkvæmdin standist umhverfismat og að skipulagsbreytingar verði gerðar. Hins vegar er ekki gerður fyrirvari um vilja íbúa Reykjavíkur, þrátt fyrir að umsagnaraðilar (m.a. umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur, hverfisráð Kjalarness og Skipulagsstofnun) hafi bent á að skoða þurfi mjög gaumgæfilega þau samfélagslegu áhrif sem miklar ásyndarbreytingar á Esjunni gætu haft í för með sér og að þörf sé á heilsteyptri og faglegru umræðu um heildarskipulag og hlutverk svæðisins í samráði við hagsmunaaðila og almenning. Þá er bent á að hætta á slysum og mengun verði að teljast allveruleg. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskyldu (mat sem eigendur Esjuferju ehf. munu framkvæma) segir m.a. ljóst að töluvert ónæði muni skapast af starfsemi svifbrautar á Esju, sérstaklega sjónmengun. Óafturkræft jarðrask verði á allmörgum stöðum í kringum möstur, þjónustustöðvar og bílastæði, auk þess sem ásynd svæðisins muni breytast bæði í nálægð og fjarlægð. Þá þurfi að kanna hver verði neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem nú ganga á Esju og hvort svifbrautin gæti dregið úr áhuga fólks á að ganga fjallið.

Íbúasamtökin ítreka þá gagnrýni sem fram kemur í einróma umsögn allra flokka í Hverfisráði Kjalarness (<http://reykjavik.is/fundargerð/fundur-nr-144-5>). Ef til stendur að gera skipulagsbreytingar til þess að fara í uppbyggingu svæðisins við Mógilsá telja Íbúasamtök Kjalarness nauðsynlegt að efna fyrst til umræðu um aukna möguleika borgarbúa og annarra til útivistar á og við fjallið og í framhaldinu til íbúakosningar um málið. Skoða verði fjölbreyttar hugmyndir um uppbyggingu svæðisins í sátt við náttúruna og í samráði við nærsamfélagið og hagsmunaaðila, s.s. íbúa í næsta nágrenni við Mógilsá, atvinnurekendur á staðnum og aðra íbúa borgarinnar. Fyrir er ekki tímabært að Reykjavíkurborg undirriti samkomulag um leigu á landi af ríkinu að ósk einkafyrirtækis.

Íbúar í Kollafirði óskuðu í febrúar sl. eftir upplýsingafundi hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur áður en lóðaleigusamningur yrði undirritaður. Sá fundur hefur enn ekki verið haldinn og var send kæra til umboðsmanns borgarbúa 2. júní sl. vegna þess dráttar sem orðið hefur á fundi.

Sjá ítarlegri upplýsingar um málið á [www.kjalarnes.is](http://www.kjalarnes.is)

Nánari upplýsingar veitir: Sigþór Magnússon, formaður Íbúasamtaka Kjalarness, í síma 566 6035 / 859 7669.